

Janúar 2024



Stefnumið í fjölpjóðlegri þróunarsamvinnu

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

Janúar 2024

postur@utn.is

Umbrot og textavinnsla:

Utanríkisráðuneytið

©2024 utanríkisráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Grunnviðmið og starfshættir.....	4
3. Áherslur.....	6
3.1 Málefnaáherslur.....	6
3.2 Áherslustofnanir.....	6
3.2.1 UNICEF	7
3.2.2 UN Women	8
3.2.3 UNFPA	8
3.2.4 Alþjóðabankinn	9
3.3 Aðrar stofnanir og samstarfsleiðir.....	10

1. Inngangur

Fjölþjóðleg þróunarsamvinna gegnir mikilvægu hlutverki í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Eins og fram kemur í þingsályktun nr. 811 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028 er lögð áhersla á markvisst fjölþjóðlegt samstarf í því skyni að hámarka áhrif framlaga og þátttöku Íslands. Ísland tekur virkan þátt í starfi fjölþjóðlegra stofnana og talar þar fyrir þeim gildum sem íslenskt samfélag hefur í heiðri og leggur áherslu á skilvirkni og árangur.

Þessi stefnumið skilgreina grunnviðmið, starfshætti og áherslur í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og leggja grunn að því að framlög og þátttaka Íslands sé bæði virðisaukandi og árangursrík.

2. Grunnviðmið og starfshættir

Grunnviðmið 1 – VIRK OG VIRÐISAUKANDI ÞÁTTTAKA

Ísland tekur virkan þátt í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu og leggur áherslu á virðisaukandi þátttöku sem stuðlar að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Á alþjóðavettvangi er Ísland málsvári lýðræðis, mannréttinda, fjölbreytileika, umburðarlyndis, réttlætis og samstöðu. Í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu er leitast við að rödd Íslands heyrst og að áherslumálum Íslands sé komið á framfæri. Ísland tekur virkan þátt í málsvarastarfi og stefnumótun á vettvangi fjölþjóðastofnana, ýmist í gegnum kjördæmastarf, stjórnir eða tvíhliða samstarf. Þar skal talað fyrir þeim gildum sem íslenskt samfélag hefur í heiðri og áhersla lögð á skilvirkni og árangur stofnananna. Lögð er áhersla á þá hóp sem búa við fátækt og skort á réttindum, til að mynda konum og stúlkum, hinsegin fólki, fötluðu fólki og öðrum hópum sem eiga undir högg að sækja. Lögð er áhersla á virðisaukandi þátttöku, en þar er átt við þátttöku á sviðum þar sem Ísland hefur þekkingu, reynslu og sýn sem líkleg er til að auka velsæld fátækari þjóða.

Þátttaka Íslands tekur mið af alþjóðlegum skuldbindingum um framkvæmd þróunarsamvinnu, þ. á m. Parísaryfirlýsingunni um markvirkni í þróunarstarfi, Accra-aðgerðaáætluninni og alþjóðlegu samstarfi um skilvirka þróunarsamvinnu (Global Partnership for Effective Development Cooperation). Þá felur hún í sér samstarf á vettvangi SP um heimsmarkmiðin og aðrar aðgerðaráætlanir og samninga þeim tengdum og þátttöku í nefndarstarfi innan SP. Má þar nefna samstarf um Addis Ababa aðgerðaráætlunina um fjármögnun þróunar, þátttöku í Kvennanefnd SP, í Mannfjölda- og þróunarnefnd SP og í Mannréttindaráði SP.

Samstarf um þróunarsamvinnu innan OECD er einnig miðlægt, en Ísland tekur virkan þátt í störfum þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC), samstarfsvettvangi OECD-ríkja sem veita þróunaraðstoð. DAC er leiðandi vettvangur framlagsríkja hvað viðvíkur mótun bestu starfshátta og skilvirkni í þróunarsamvinnu, en aðild að og þátttaka í nefndinni stuðlar bæði að faglegum starfsvenjum og veitir aðhald.

Ísland tekur enn fremur virkan þátt á vettvangi þeirra stofnana og sjóða sem framlög eru veitt til. Slíkt felur í sér þátttöku í stefnumótun og málsvarastarfi, sem og að veita viðkomandi stofnun aðhald og fylgjast með árangri.

Fastanefndir Íslands í Genf, New York og Róm hafa mikilvægu hlutverki að gegna í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Ísland tekur til að mynda þátt í stýrihópum og stjórnnum samstarfsstofnana, og þegar stjórnarseta stendur yfir leggur Ísland sig fram við að leiða málsvarastarf á áherslusviðum Íslands, stýra samningaviðræðum og leggja fram tillögur að landayfirlýsingum.

Þá spannar samstarf Norðurlandanna öll svið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, bæði faglegt og málefnalegt, og er samstarfið á vettvangi áherslustofnana Íslands mjög virkt. Þá tekur Ísland áfram virkan þátt í samráðsvettvangi Nordic Plus-ríkjanna sem telja Norðurlöndin, Bretland, Holland og Írland. Ísland leggur sitt af mörkum með því að bæði norrænt samstarf og samvinnu Nordic Plus landanna með því að leiða samstarfið til jafns við hin löndin. Ísland á jafnframt víðtækt samstarf við Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin á vettvangi Alþjóðabankans þar sem þau sitja saman í kjördæmi og deila stjórnarsæti, en af því leiðir að ríkin átta samræma stóran hluta málefna starfs gagnvart bankanum.

Grunnviðmið 2 – FAGLEGIR STARFSHÆTTIR

Samstarf við fjölþjóðlegar stofnanir er byggt á faglegum grunni og er í samræmi við bestu starfshætti

Til þess að stefna Íslands nái best fram að ganga eru faglegar starfsvenjur settar til grundvallar allri þróunarsamvinnu Íslands. Leitast er við að styðja við skilvirkt og gagnsætt fjölþjóðlegt kerfi sem er vel til þess fallið að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Tilmæli frá Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) og önnur viðmið um góðar starfsvenjur á sviði þróunarsamvinnu liggja til grundvallar faglegum starfsháttum. Lögð er áhersla á fyrirsjáanleika í framlögum og samstarfi og leitast við að samningar við samstarfsaðila falli innan gildistíma þróunarsamvinnustefnu á hverjum tíma. Lögð er áhersla á að sem stærstur hluti framlaga sé í formi kjarnaframlaga sem gera stofnunum kleift að starfa í takt við stefnumótun sína og markmið og forgangsraða starfinu byggt á þörf hverju sinni. Kjarnaframlög stuðla enn fremur að aukinni skilvirkni og árangri og draga úr umsýslukostnaði.

Samvinna og samþætting

Lögð er áhersla á að framlag Íslands og starf á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu sé samþætt öðru starfi á sviði þróunarsamvinnu, sér í lagi í tvíhliða samstarfslöndum Íslands. Þá er jafnframt hugað að því að styrkja tengslin milli mannúðaraðstoðar, starfs í þágu friðar og þróunarsamvinnu á svæðum þar sem óstöðugleiki ríkir. Framangreint krefst góðs samstarfs og samráðs innan utanríkisráðuneytisins, sem og við sendiráð og fastanefndir gagnvart fjölþjóðastofnunum og tryggja þarf skilvirkt flæði upplýsinga og samræmda stefnumótun. Í stuðningi Íslands við verkefni á vegum alþjóðastofnana er leitast við að skapa slagkraft þannig að virkja megi fjármagn og krafta annarra framlagsríkja og alþjóðastofnana í framkvæmd stærri verkefna sem Ísland hefur ekki bolmagn til að sinna eitt og sér.

Ábyrgð, eftirlit og árangur

Utanríkisráðuneytið hefur umsjón með framlögum til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og ber ábyrgð á að þau séu í samræmi við markmið og áherslur í stefnu Íslands í málaflokknum. Gerð er grein fyrir starfseminni í árlegri skýrslu ráðherra til Alþingis.

Ísland beitir heildrænni árangursstjórnun og vöktun framlaga til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu er hluti af því ferli. Stofnanirnar eru m.a. vaktaðar af tengslaneti framlagsríkja sem framkvæmir óháðar úttektir á starfi þeirra, MOPAN (Multilateral Organisations Performance Assessment Network) og hýst er af þróunarsamvinnuskrifstofu OECD. MOPAN skýrslur og aðrar úttektir um einstök verkefni og stofnanir eru rýndar og metnar í utanríkisráðuneytinu. Jafnframt tekur Ísland þátt í jafningjarýni á vegum OECD-DAC. Markmiðið er að fylgjast með þeim árangri sem framlög skila ásamt því að greina með markvissum hætti hvernig heildarframlögum er best háttað, hvernig virðisauki verður hámarkaður og innlegg Íslands annað en fjárhagslegt nýtist sem best. Rík áhersla er lögð á skilvirkni og gagnsæi, að fylgjast náið með árangri þeirra verkefna sem Ísland styður og að sinna öflugu upplýsinga- og kynningarstarfi.

3. Áherslur

3.1 Málefnaáherslur

Lögð er áhersla á þau málefnasvið sem sett eru í forgang í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028: mannréttindi og jafnrétti kynjanna, mannauð og grunnstoðir samfélaga, loftslagsmál og náttúruauðlindir og mannúðaraðstoð og störf í þágu stöðugleika og friðar. Að sama skapi eru áherslustofnanir í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu skilgreindar með málefnaáherslur Íslands að leiðarljósi. Unnið er að því að auka slagkraft í þessum málaflokkum í gegnum samstarf við alþjóðastofnanir, með fjárframlögum, í samstarfsverkefnum og í gegnum málsvarastarf. Enn fremur vinna íslensk stjórnvöld að því að auka samlegðaráhrif fjölþjóðlegrar og tvíhliða þróunarsamvinnu í samstarfslöndum Íslands. Sérstaklega er litið til þess að nýta virðisaukandi sérþekkingu og reynslu Íslands.

3.2 Áherslustofnanir

Með málefnaáherslur þróunarsamvinnu Íslands að leiðarljósi, er lögð áhersla á samstarf við fjórar áherslustofnanir í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu: Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun

Mynd 1 Áherslustofnanir Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu

Alþjóðabankinn	UNICEF	UN Women	UNFPA
Hlutverk: að útrýma fátækt á lífvænni jörð	Hlutverk: að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna	Hlutverk: að bæta kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna	Hlutverk: að tryggja kyn- og frjósemisheilbrigði, og frjósemisréttindi í þróunarríkjum
			

Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og Alþjóðabankann.¹

Stuðningur Íslenskra stjórnvalda við áherslustofnanir felst einkum í **samningsbundnum kjarnaframlögum** í samræmi við bestu alþjóðlegu starfsvenjur. Slík framlög gera stofnunum betur kleift að skipuleggja starf sitt og bregðast hratt við breyttum aðstæðum. Þá er stutt við einstök verkefni sem samræmast málafnaáherslum Íslands ásamt virkri þátttöku í málafna- og stjórnarstarfi stofnananna fjögurra.

Slagkraftur Íslands í þróunarsamvinnu byggir á skýrri forgangsriðun. Áherslustofnanir í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands eru valdar út frá hlutverki og samlegð við áherslur Íslands, árangri og umfangi stofnananna, og reynslu Íslands af starfi innan þeirra.

3.2.1 UNICEF

Hlutverk Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) er að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er grunnurinn að starfi stofnunarinnar. Styrkur UNICEF felst í kraftmiklu starfi á vettvangi í 190 löndum, bæði í þróunarríkjum og með starfsemi landsnefnda. UNICEF vinnur einkum að framgangi fjórða heimsmarkmiðsins er snýr að því að tryggja menntun fyrir alla, því þriðja um bættu heilsu og vellíðan og heimsmarkmiði númer sex er snýr að aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu.

Samstarf við UNICEF styður við áherslu Íslands á menntun, heilbrigði og næringu barna og ungmenna

Unnið er að áherslum Íslands á sviði menntunar, heilbrigðis og næringar barna og ungmenna með fjölbreyttum og umfangsmiklum hætti í samstarfinu við UNICEF. Umtalsverð hækkan kjarnaframlaga Íslands til UNICEF árið 2023 og nýr rammasamningur við stofnunina eflir starf stofnunarinnar á heimsvísu og tryggir þannig að málafnaáherslum Íslands í þróunarsamvinnu sé vel gætt með skilvirkum hætti sem mætir þörfum barna og ungmenna hverju sinni. Í síðustu úttekt MOPAN frá lok árs 2021 kemur UNICEF vel út og er lýst sem skilvirkri og vel rekinni stofnun og fær hún sérstakt lof fyrir þverlægt starf sitt í þágu kynjajafnréttis, en það samræmist einkar vel áherslum Íslands.

Auk kjarnaframlaga eiga Íslensk stjórnvöld samstarf við UNICEF á sérstökum áherslusviðum og fjármagnar stöður ungliða. Stærstu samstarfsverkefni Íslands og UNICEF eru vatns- og hreinlætisverkefni (WASH) í samstarfslöndum Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu. Má þar helst nefna samþætt verkefni um bætt lífskjör í sjávarþorpum í Síerra Leóne sem hófst árið 2023 auk verkefnis í norðurhluta Úganda sem snýr að stuðningi við flóttafólk og viðtökusamfélög þeirra með áherslu á vatns- og hreinlætismál í skólum og heilbrigðisstofnunum, en verkefnið miðar að samþættingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Auk þessara verkefna styrkir Ísland jafnréttissjóð UNICEF sem vinnur sérstaklega að aðgengi stúlkna á átákasvæðum að menntun í vísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði (STEM).

¹ Að auki hefur Ísland áherslustofnanir á sviði mannúðarmála: Samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA), Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna (CERF), Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), og Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP). Sjá nánar stefnumið í mannúðarmálum í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Starf og hlutverk UNICEF rímar vel við stefnuáherslur Íslands á sviði jafnréttis- og mannréttindamála, sér í lagi hvað varðar mæðra- og ungbarnavernd, bætt aðgengi að vatns- og hreinlætismálum og að tryggja öllum börnum aðgang að grunnskólamenntun.

3.2.2 UN Women

Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) er í fararbroddi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. UN Women hefur þrípætt hlutverk, hún starfar á vettvangi, sinnir samræmingarhlutverki meðal stofnana SP og er leiðandi í stefnumótun SP á alþjóðavettvangi um málaflokkinn.

Allt frá stofnun UN Women hefur Ísland verið dyggur stuðningsaðili, enda er jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna og stúlkna í forgrunni í þróunarsamvinnu Íslands. Þar sem jafnrétti kynjanna er forsenda árangurs allra heimsmarkmiðana svo segja má að starf UN Women tengist öllum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Starf UN Women endurspeglar áherslu Íslands á mannréttindi og jafnrétti kynjanna

Undanfarin ár hefur kjarnaframlag Íslands til UN Women aukist til muna og er Ísland meðal þriggja stærstu framlagsríkja UN Women þegar kemur að kjarnaframlögum miðað við höfðatölu. Þá er Ísland meðal efstu 25 framlagsríkja UN Women, óháð höfðatölu. UN Women var sett á laggirnar árið 2010 er því tiltölulega ung stofnun. Hún gegnir þrípættu umboði; í fyrsta lagi að veita reglumótandi aðstoð í þágu kynjajafnréttis í alþjóðastofnunum, í öðru lagi að annast samræmingu á aðgerðum í þágu kynjajafnréttis innan SP, og í þriðja lagi að sinna starfsemi og verkefnum í þágu kynjajafnréttis á vettvangi. Í síðustu úttekt MOPAN frá árinu 2018 kemur fram að UN Women hafi tekið miklum framförum í stjórnunarháttum sínum frá stofnun. Stofnunin hefur sterka strategíska sýn í þágu kynjajafnréttis sem samræmist heimsmarkmiðunum og áherslum Íslands í þróunarsamvinnu.

Auk kjarnaframlaga styðja íslensk stjórnvöld ýmis verkefni UN Women og fjármagnar stöður ungliða. Til dæmis eru veitt framlög til verkefna UN Women á vettvangi í Afganistan, Úkraínu og Malaví. Þá styrkir Ísland „Eid-bi-eid“ verkefnið sem snýr að stuðningi við griðastaði sýrlenskra kvenna í flóttamannabúðum í Jórdaníu. Ísland er forysturíki í aðgerðabandalagi átaksverkefnis UN Women, Kynslóð jafnréttis (Generation Equality Forum), sem vinnur að upprætingu kynbundins ofbeldis og hefur Ísland sett fram 23 skuldbindingar þar að lútandi undir hatti verkefnisins. Einnig styrkir Ísland tengslanetið UN Women Leaders Network sem vinnur að valdeflingu og stuðningi við kvenleiðtoga, einna helst frá fátækari ríkjum.

3.2.3 UNFPA

Hlutverk Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) er að stuðla að kyn- og frjósemisheilbrigði, aðgangi að mæðravernd og fæðingarþjónustu, og tryggja frjósemisréttindi. Annað hlutverk UNFPA er að stuðla að aukinni þekkingu á efnahags-, félags- og umhverfislegum afleiðingum fólksfjölgunar og aðstoða þróunarriki við að afla gagna og vinna úr þeim til að bæta stefnumörkun og áætlanagerð á þessu sviði. UNFPA gegnir einnig mikilvægu hlutverki þegar kemur að þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis á átakasvæðum.

Stuðningur við UNFPA vinnur að yfirmarkmiði Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu er snýr að því tryggja almenna velferð á grundvelli mannréttinda og jafnréttis kynjanna. UNFPA vinnur einkum að framgangi þriðja heimsmarkmiðsins um bætta heilsu og vellíðan, og heimsmarkmiðs fimm um jafnrétti kynjanna.

Starf UNFPA rímar vel við áherslur Íslands á mannréttindi og jafnrétti kynjanna, þ.m.t. kyn- og frjósemisheilbrigði- og -réttindi og afnám kynbundins og kynferðislegs ofbeldis

UNFPA sinnir umfangsmiklu starfi í yfir 150 löndum og fellur starfsemi stofnunarinnar á vettvangi, oft við mjög erfiðar aðstæður, á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda sérstaklega vel að áherslum Íslands hvað varðar mannréttindi og kynjajafnrétti, bæði í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð. Stofnunin er rómuð fyrir öflugt starf á vettvangi og er samkvæmt síðustu úttekt MOPAN frá árinu 2018 einkar vel rekin stofnun. Þá heldur UNFPA utan um eftirfylgni við Kaíro-samþykkt Sameinuðu þjóðanna um fólksfjölgun og þróun (ICPD) þar sem umfangsmikil úttekt fer árið 2024 sem er 30 ára afmælisár samþykktarinnar.

Kjarnaframlög Íslands til UNFPA hafa aukist umtalsvert frá því að fyrsti rammasamningurinn var gerður við stofnunina árið 2021 og stuðla framlögin að því að áherslur Íslands á kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindum sé vel fylgt eftir um heim allan. Til viðbótar við kjarnaframlög hefur Ísland veitt framlög til mannúðar- og jafnréttismála til UNFPA í Úkraínu, Afganistan, Jemen og Sýrlandi. Þá er í gangi nýtt samstarfsverkefni með UNFPA í Malaví sem stefnir að útrýmingu fæðingarfistils í landinu á næstu árum og byggir það á sambærilegu samstarfsverkefni í Síerra Leóne. Einnig hefur Ísland um árabil stutt samstarfsverkefni UNFPA og UNICEF um afnám kynfæralímlestingar (FGM) og var nýr samstarfssamningur til þriggja ára undirritaður árið 2022.

3.2.4 Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn er meðal stærstu og áhrifamestu alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu og tengist starf hans öllum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Meginmarkmið Alþjóðabankans er að binda enda á sárafátækt í heiminum og stuðla að aukinni hagsæld og velmegun fyrir þá fátækustu á lífvænlegri jörð. Alþjóðabankinn er jafnframt stærsti fjármögnunaraðili loftslagstengdra verkefna í fátækustu þróunarríkjunum og hefur sett sér það markmið að árið 2025 verði 45% af fjármögnun bankans varið til loftslagsverkefna í þróunarríkjum. Öll ný verkefni sem bankinn styður við skulu aðlöguð að Parísarsamkomulaginu.

Aðild og þátttaka í starfi Alþjóðabankans er lykilþáttur í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands enda fellur hlutverk hans vel að yfirmarkmiði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands um útrýmingu fátæktar, virðingu fyrir mannréttindum og bættum lífsskilyrði jafnt sem sértækum og þverlægum áhersluatriðum um mannréttindi, jafnrétti kynjanna, umhverfis- og loftslagsmál.

Í samræmi við áherslur Íslands á stuðning við fátækustu ríkin fer stærsti hluti stuðnings Íslands til **Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA)**, sem er ein af fimm meginstofnunum bankans. IDA aðstoðar fátækustu þróunarríkin með styrkjum, vaxtalausum lánum og ábyrgðum til þróunarverkefna, auk þess að veita þeim tæknilega ráðgjöf.

Áhersla Íslands á mannréttindi og jafnrétti kynjanna og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda endurspeglast í tvíhliða samstarfi Íslands við Alþjóðabankann

Áhersla á mannréttindi, jafnrétti kynjanna og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda endurspeglast vel í tvíhliða samstarfi Íslands við Alþjóðabankann þar sem stutt er við fjóra sértæka sjóði innan bankans: sjóð bankans um málefni hafsins (Blue Economy Program, Problue) sem vinnur að málefnum hafsins og sjálfbærri nýtingu auðlinda út frá heildstæðri nálgun bláa hagkerfisins; orkusjóðinn (Energy Sector Management Program, ESMAP) þar sem unnið er að loftslagsmálum og stuðningi við orkuskipti í þróunarríkjum; mannréttindasjóðinn (Human Rights, Inclusion and Empowerment Trust fund, HRIE) sem vinnur að því að auka færni og þekkingu á mannréttindamálum innan bankans og styðja við verkefnainnleiðingu á sviði mannréttinda og jafnréttissjóðinn (Umbrella Facility for Gender Equality, UFGGE) sem vinnur að stefnumótun í jafnréttismálum og samþættingu jafnréttismála við alla starfsemi bankans. Ísland hefur einnig fjármagnað stöður sérfræðinga á þessum áherslusviðum innan Alþjóðabankans.

3.3 Aðrar stofnanir og samstarfsleiðir

Auk samstarfs við áherslustofnanir er starfað með öðrum alþjóðastofnunum á sviði þróunarsamvinnu og byggist það samstarf á sérstökum málefnaáherslum, hagsmunagæslu og svæðisbundnum áherslum.

Einnig er lögð áhersla á að bjóða fram sérþekkingu með því að veita **tæknilega ráðgjöf** og stuðning í gegnum **útsenda sérfræðinga á vettvangi** sem starfa við eða fyrir alþjóðastofnanir til skemmri eða lengri tíma. Með þessum hætti er leitast við að hámarka virðisauka Íslands í alþjóðlegu samstarfi og stuðla að framgangi málaflokka sem Ísland telur mikilvæga svo ná megi heimsmarkmiðum SP.